

Dimosfenis Papamarkos

Þýðandi: Atli Harðarson

Úr Villudómi

Από την Παραλογή

Þung voru sporin, þreyttur var Dauðinn, þjakandi byrðar,
skrælnaðir gómar, klárinn var líka kvalinn af þorsta,
hesturinn blakki. Áðu um stund hjá Einbúalindum.
Af reiðverum jálksins reipi þá tekur, hönk, það er undið,
svart eins og hjartað í ferðalang þeim sem frá skal nú greina,
tvinnnað og þrinnað úr ekkjunnar hári, harmanda lokkum,
svo endist í sól og líka í regni og rýrni ekki af tárur,
að þrengt geti fjötur, fast geti slegið, og ef að heyrir
kjökur það bíti, eitruðum naddi, nöðrunnar gini.
Ungmenni bindur við hávaxna stofna, stúlkurnar reyrir
við kræklótta furu, kornabörn njörvar á þyrnótta runna.
Snýr sér að Faxa, yrðir á blakk sinn með aktygin skreyttu:
– Ég geng nið'rað Lindum, fylli á belginn, færi þér sopa
úrvinda báðir erum og þurfum góminn að væta.

En langt er í vatnið, ógreiðfært klungur, klettótt er landið,
 einstigið mjóa ætla ég niður, upp til að sækja
 vatn og þú bíður, vaktar þá dauðu, lætur þá þegja,
 annars er hætt við að ýlfrið og kveinin styggi burt lækinn
 hann renni til baka, hræðist og hverfi ofan í grjótið.

– Farðu og drekktu og fylltu á belginn og færðu mér sopa,
 þrælanna skal ég gæta á meðan, óttastu ekki.

Með sverðið við belti, bogann um öxl og belginn úr leðri
 smokrar sér inn í þéttvaxinn gróður, grýtt er þar undir,
 gengur þá slóðann, götuna tæpu, niður að Lindum.

Opnaðist gjáin, hyldjúp sem hafið, svört eins og kráka.

Bregður þeim gamla, á brúninni hikar, nemur þar staðar.

Dauðann þá sundlar, áfram þó heldur, illur er þorstinn
 og gjálfrandi vatnið freistar svo ekk' er um annað að ræða.

Konungum brugðið löppin sú hefur sem leitar og fálmar
 í bjargfastar nafir, brúnir og syllur að feta sig niður.

Ei voru skrefin mörg á hans göngu, tæplega tíu,

áður en heyrðust ofan í djúpi samræður manna

áþekkar bæði uglunnar væli og fashana kurri.

Heyrandi þetta, hóar í Faxa, kallar og mælir:

– Ég sagð' að þú ættir að annast þá dauðu og halda í skefjum
 svo fæli þeir ekki fljótið og hreki ofan í jörðu,

samt lætur þú náina nöldra og væla með kjaftæði og skvaldur.

Hesturinn blakki hneggjandi kvað hér annað á seyði:

– Sof' eins og ungbörn allir þeir dauðu, bæra ekki á sér.

Ef harmljóð þú nemur, kvein eða kjökur, líttu þá eftir

hvort mælanda finnur, í gílinu djúpa, með sorgir í sefa.

Frá þýðanda

Ðimosþenis Papamarkos (Δημοσθένης Παπαμάρκος) er fæddur árið 1983 í Malesina (Μαλεσίνα) í Grikklandi. Þetta ljóð birtist fyrst í bókinni *Giak* (Γκιακ) sem kom út árið 2014. Sú bók hlaut bókmenntaverðlaun Akademíunnar í Aþenu árið 2015.

Ljóðið heitir á frummálinu *Apo tin Paralogi* (Από την Παραλογή), en *paraloges* (παραλογές) er flokkur alþýðlegs kveðskapar hjá Grikkjum. Slíkar þulur eru oftast alllangar frásagnir byggðar á efni úr þjóðsögum eða goðsögnum. Þær eru yfirleitt fjarstæðukenndar með einhverjum hætti og frásögnin utan við venjulegan veruleika.

Bragarháttur frumtextans er dæmigerður grískur þjóðkvæðaháttur með fimmtán atkvæða línunum.

Í frumtextanum heitir ferðalangurinn *Hgaros* (Χάρος) en hann er persónugervingur dauðans í grískri þjóðtrú. Til forna hét hann *Χάρων* og ferjaði hina dauðu yfir heljarfljótið. Á íslensku er hann stundum kallaður *Karon*. Í þýðingu minni kallast hann *Dauðinn*.

Ég þýddi ljóðið út grísku með hliðsjón af enskri þýðingu í *Austerity Measures: The New Greek Poetry* (Karen van Dyck, ritstj., New York Review Books, 2016). Þegar fyrstu drög að þýðingunni birtust á vegg mínum á Facebook 17. ágúst síðastliðinn benti Eva Hauksdóttir mér á orðalag sem þurfti að færa til betri vegar. Ég leiðrétti þýðinguna í samræmi við þær ábendingar og þakka henni fyrir.